

**Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands**  
**Fundur 10. nóv 2011**  
**10. fundur**

Staðsetning: Ölver, 19:20 – 21:00

Mættir: Arnar Bill, Kristján, Ómar, Sigurður, Theodór, Þórir og Úlfar  
Boðuð forföll:

**1. Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð síðasta fundar samþykkt með leiðréttingum.

**2. Fundarröð þjálfara**

Fundir verða haldnir 14. og 16. nóvember. Nokkrar kvartanir hafa borist við að hafa fundina á virkum degi frá þjálfurum utan af landi. Þjálfurum gefst tækifæri að senda inn tillögur/ábendingar sem verða rædd/lesin á fundinum. Að fundi loknum verður samantektin send út til þjálfara sem geta sagt skoðun sína á atriðum samantektarinnar. Rætt um notkun fjarfundarbúnaðar en hætt við það vegna slæmrar reynslu af notkun slíks búnaðar á óformlegum fundum. Arnar Bill útbýr stikkorð/gátlista fyrir stjórnarmenn til að nota á fundinum. Fulltrúar KSÍ mæta.

**3. Koma Ajax þjálfara í mars 2012**

Tveir þjálfarar frá Ajax verða með fyrirlestra 9 – 11. mars. Dagskrá verður ákveðin síðar. Undirbúningur að auglýsingu í höndum Úlfars.

**4. Aðalfundur KþÍ**

Ákveðið að halda aðalfund KþÍ fimmtudaginn 1. desember kl 20:00 í fundarsal KSÍ. Stjórnarmenn skipta með sér verkum fyrir fundinn. Ómar talar við Njál Eiðsson um að verða fundarstjóri. Úlfar ræðir við Sigga Víðis um að taka að sér skoðunarmann reikninga á næsta ári. Ómar ræðir við Birki Sveinsson varðandi að skoða reikninga áfram. Ómar sér um veitingar. Sigurður Þórir sér um verðlaunagripi.

**5. Þjálfarar ársins 2011**

Umræður um þjálfara ársins og viðurkenningar fyrir vel unnin störf í yngri þjálfun. Stjórnarmenn skipta með sér viðurkenningarhöfum og fá frá þeim upplýsingar um ferilinn og boða þá á aðalfundinn.

**6. Ráðstefna AEFCA**

Ráðstefna haldin í Antalya í Tyrklandi 18. – 23. nóv. Ákveðið að senda fulltrúa frá KþÍ. Sigurður Þórir og Ómar fara fyrir hönd félagsins.

Úlfar Hinriksson  
ritari